

AUGLÝSING

um staðfestingu samnings milli Mosfellsbæjar og Kjósarhrepps um félagsþjónustu og þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Ráðuneytið hefur staðfest meðfylgjandi samning sem bæjarstjórn Mosfellsbæjar og sveitarstjórn Kjósarhrepps hafa gert með sér um þjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Í samningnum er kveðið á um þau félagsþjónustuverkefni sem fjölskyldusviði Mosfellsbæjar fyrir hönd Kjósarhrepps eru falin og valdheimildir. Í viðauka II með samningnum eru verklagsreglur um framkvæmd samnings um félagsþjónustu skilgreindar nánar.

Samningurinn sem er gerður á grundvelli 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 16. júlí 2021.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

um félagsþjónustu og þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Undirritaðir fulltrúar Kjósarhrepps, kt. 690169-3129 og Mosfellsbæjar, kt. 470269-5969, gera með sér svohljóðandi samning um þjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Samningur þessi er gerður með vísan til 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 7. gr. laga nr. 40/1991 og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2018.

1. gr.

Hlutverk fjölskyldusviðs.

Fjölskyldusvið Mosfellsbæjar tekur að sér eftirfarandi félagsþjónustu fyrir hönd Kjósarhrepps skv. ákvæðum laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og 2. mgr. 5. gr. um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018:

- a. Félagslega ráðgjöf skv. V. kafla laga nr. 40/1991.
- b. Móttöku og úrvinnslu umsókna um fjárhagsaðstoð skv. VI. kafla.
- c. Móttöku og úrvinnsla umsókna um sérstakan húsnæðisstuðning skv. 45. gr. laga nr. 40/1991.
- d. Móttöku og úrvinnslu umsókna um þjónustu (þ.m.t. stoðþjónustu, búsetu, notendasamninga, notendastýrða persónulega aðstoð og einstaklingsbundna þjónustuáætlun) skv. III. kafla laga nr. 38/2018.
- e. Móttöku og úrvinnsla umsókna um stuðningsþjónustu (þ.m.t. notendasamninga um akstursþjónustu) skv. VII. kafla laga nr. 40/1991.

2. gr.

Valdheimild.

Valdheimildir fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar skv. a-, b-, c- og d-liðum 1. gr. felast í því að sviðið metur þörf viðkomandi fyrir þjónustu og tekur ákvörðun um fjárhagsaðstoð og sérstakan húsnæðisstuðning í samræmi við reglur Kjósarhrepps. Ennfremur annast sviðið alla umsýslu vegna þjónustunnar, greiðslu styrkja, lána eða innheimtu skulda eftir því sem við á hverju sinni.

Kjósarhreppur annast framkvæmd stuðningsþjónustu. Kjósarhreppur fer að öðru leyti með öll verkefni sem sveitarfélögum er falið skv. lögum nr. 40/1991.

3. gr.

Skýrslugerð og framkvæmd.

Fjölskyldusvið Mosfellsbæjar sendir félagsmálanefnd skýrslu í lok hvers árs um þau verkefni sem unnin hafa verið fyrir sviðið á viðkomandi ári. Ennfremur skilar fjölskyldusvið skýrslu til Hagstofu Íslands um veitta fjárhagsaðstoð sbr. b-lið 1. gr. og til Íbúðalánasjóðs um sérstakan húsnæðisstuðning sbr. c-lið sömu greinar.

Mosfellsbæ skal heimilt að gera samning við einkaaðila, sbr. 100. gr. sveitarstjórnarlaga, um framkvæmd þeirra verkefna sem bænum hafa verið falin samkvæmt samningi þessum.

Starfsmenn fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar annast verkefni skv. 1. gr. undir stjórn framkvæmdastjóra þess, í samræmi við samkomulag sveitarfélaganna um meðfylgjandi verklagsreglur sbr. viðauka II.

4. gr.

Greiðsla fyrir þjónustu.

Kjósarhreppur greiðir kostnað sem af veitingu framangreindrar þjónustu hlýst. Mosfellsbær leggur þó út fyrir kostnaðinum en Kjósarhreppur endurgreiðir Mosfellsbæ hann í lok hvers árs að viðbættu 15% álagi vegna umsýslu.

Fyrir þjónustu samkvæmt samningi þessum greiðir Kjósarhreppur árlega grunngjald að upphæð kr. 9.365¹. Grunngjaldið er margfaldað með íbúafjölda Kjósarhrepps eins og hann er gefinn upp af Hagstofu Íslands 1. desember árið á undan greiðsluári (238 íbúar 1. janúar 2019).

Gjald skal miðað við ofangreinda upphæð, að viðbættu 15% álagi vegna stjórnunar og umsýslu.

Þegar starfsmenn fjölskyldusviðs vitja íbúa Kjósarhrepps á heimili þeirra eða erinda annað vegna meðferðar mála endurgreiðir hreppurinn Mosfellsbæ útlagðan kostnað.

Kostnaður Kjósarhrepps er innheimtur í lok hvers árs.

5. gr.

Gildistími.

Samningur þessi gildir frá 1. maí 2019 til 30. september 2022. Samningurinn er uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara. Uppsögn skal fara fram með skriflegri tilkynningu.

Með gildistöku samnings þessa fellur samningur sveitarfélaganna um sama efni frá 19. janúar 2015 úr gildi og viðauki frá 4. febrúar 2019.

Mosfellsbæ, 26. apríl 2019.

I. VIÐAUKI

Gjald sem Kjósarhreppur greiðir fjölskyldusviði Mosfellsbæjar fyrir þjónustu sviðsins.

1% af meðaltali heildarkostnaðar launa félagsráðgjafa ¹ og deildarstjóra á ári.	
Árslaun samkvæmt áætlun 2019	11.237.364 kr.
Mánaðarlaun samkvæmt áætlun 2019	936.447 kr.
1% af mánaðarlaunum	9.364 kr.
Íbúafjöldi 1. janúar 2019 er 238	
Grunngjald (íbúafjöldi x 1% af mánaðarlaunum)	2.228.632 kr.
15% umsýslugjald	334.295 kr.
Áætluð greiðsla á árinu 2019	2.562.927 kr.

¹ Skv. gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félagsráðgjafafélags Íslands hverju sinni. 31. desember 2018 9.364 krónur á klst.

II. VIÐAUKI

Verklagsreglur um framkvæmd samnings um félagsþjónustu.

Kjósarhreppur, kt. 690169-3129, og Mosfellsbær, kt. 470269-5969, setja sér svohljóðandi verklagsreglur um félagsþjónustu samkvæmt samningi sveitarfélaganna frá 26. apríl 2019.

1. Félagsleg ráðgjöf.

Fjölskyldusvið Mosfellsbæjar tekur að sér að veita íbúum Kjósarhrepps félagslega ráðgjöf í samræmi við ákvæði V. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum.

2. Fjárhagsaðstoð.

Umsóknir um fjárhagsaðstoð samkvæmt VI. kafla laga nr. 40/1991, berist fjölskyldusviði Mosfellsbæjar. Starfsmenn sviðsins fjalla um þær í samræmi við reglur Kjósarhrepps þar um. Trúnaðarmálafundur fjölskyldusviðs tekur afstöðu til umsóknar og eftir atvikum greiðir út aðstoð eða innheimtir skuld.

Þegar niðurstöður trúnaðarmálafundar eru ekki í samræmi við reglur Kjósarhrepps eru þær sendar félagsmálanefnd hreppsins sem annast endanlega afgreiðslu þeirra.

3. Stuðningsþjónusta.

Umsóknir um stuðningsþjónustu (félagslega heimaþjónustu, liðveislu og akstursþjónustu) samkvæmt VII. kafla laga nr. 40/1991, berist fjölskyldusviði Mosfellsbæjar. Starfsmenn sviðsins fjalla um þær í samræmi við reglur Kjósarhrepps þar um. Trúnaðarmálafundur fjölskyldusviðs tekur afstöðu til umsóknar og sendir ákvörðun fundar til Kjósarhrepps sem annast framkvæmd þjónustunnar.

Þegar niðurstöður trúnaðarmálafundar fjölskyldusviðs eru ekki í samræmi við reglur Kjósarhrepps eru þær sendar félagsmálanefnd hreppsins sem annast endanlega afgreiðslu þeirra.

4. Sérstakur húsnæðisstuðningur.

Umsóknir um sérstakan húsnæðisstuðning berist fjölskyldusviði Mosfellsbæjar sem fjallar um þær í samræmi við 2. og 3. mgr. 45. gr. laga, nr. 40/1991, og reglur Kjósarhrepps þar um. Trúnaðarmálafundur fjölskyldusviðs tekur afstöðu til umsóknar.

Þegar niðurstaða trúnaðarmálafundar er ekki í samræmi við reglur Kjósarhrepps eru þær sendar félagsmálanefnd hreppsins sem annast endanlega afgreiðslu þeirra.

5. Samráð og skráning mála.

Fjölskyldusvið Mosfellsbæjar heldur skrá yfir fjölda mála sem unnin eru skv. samningi sveitarfélaganna um félagsþjónustu og þjónustu við fatlað fólk. Framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs sendir félagsmálanefnd Kjósarhrepps skýrslu um málafjölda við árlegt uppgjör vegna þjónustunnar.